

Skólaráð Hörðuvallaskóla

3. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 20. október 2016

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Arnar Björnsson.

Fulltrúar starfsmanna: Anna D. Hermannsdóttir, Alma Ernstdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Húsnæðismál og fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlunargerð stendur nú yfir og jafnframt umræður um framtíð húsnæðismála og mat á húsnæðisþörf skólans. Samtímis er rætt um þörf fyrir aukningu á ýmsum stöðugildum eins og áður hefur verið lögð áhersla á af hálfu skólans. Fundahöld vegna þessa verða áfram næstu daga og skólaráði verður haldið upplýstu um framvinduna.

2. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk

Kynnt meðaltöl úr samræmdum prófum í 4. og 7. bekk. Meðaltöl normaleinkunna þar sem landsmeðaltal er stillt á 30 er í 4. bekk 30,50 í íslensku og 29,21 í stærðfræði en í 7. bekk 31,74 í íslensku og 29,99 í stærðfræði.

3. Skólapúlsinn niðurstöður

Rýnt í niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins í september. Langflestir þættir könnunarinnar koma prýðilega út og t.d. má nefna bætingu í þáttunum „samband nemenda við kennara“ og „agi í tímum“ en þátturinn „ánægja af lestri“ dalar sem er atriði sem þarfnast skoðunar.

4. Eftirlitsúr og reglur varðandi snjalltæki

Umræður um reglur varðandi svokölluð „eftirlitsúr“ og önnur snjalltæki. Skólastjóra falið að óska eftir því við skólayfirvöld að gerð verði athugun á notkun þessara tækja í skólum bæjarins með tilliti til persónuverndarsjónarmiða.

5. Önnur mál

Lús. Fyrirspurn um hvort enn verði vart við lús í skólanum. Ekki hefur frést af lús upp á síðkastið en gera má ráð fyrir að í svo fjölmennu skólasamfélagi sé hana engu að síður einhvers staðar að finna á hverjum tíma.

Gert ráð fyrir næsta fundi snemma í nóvember en boðað verður til fundarins með ca viku fyrirvara.